

Erindisbréf

stýrihópur um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Inngangur:

Í kjölfar þess að Alþingi lögfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í febrúar 2013 hafa skapast umræður um hlutverk og ábyrgð íslenskra sveitarfélaga við innleiðingu sáttmálans. Þótt aðildarríki sáttmálans beri höfuðábyrgð á að uppfylla skuldbindingar er framkvæmd þeirra stærsta hluta þeirra verkefna sem hafa beina tengingu við daglegt líf barna hjá sveitarfélögum.

Barnvæn sveitarfélög er líkan sem styður við innleiðingu sáttmálans. Líkanið er byggt á alþjóðlegri fyrirmynd sem UNICEF hefur unnið að frá 1996. Íslensk útgáfa líkansins er þróuð í samstarfi við umboðsmann barna.

Á fundi bæjarstjórnar þann 7. desember 2016 var samþykkt að óska eftir samstarfi við Unicef og Akureyrabæ við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt sitt starf, reglur, samþykktir og stefnur til að uppfylla þær kröfur til að gerast Barnvænt samfélag og ná því markmiði að fá vottun vegna þessa og felur bæjarráði úrvinnslu þess og stofnun stýrihóps um verkefnið.

Á fundi bæjarráðs 6. apríl 2017 kynnti framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi verkefnið og ákveðið var að hefja undirbúning að stýrihópi vegna verkefnisins. Á fundi bæjarrás 3. maí s.l. var ákveðið að lagt yrði fram erindisbréf að nýjum starfshópi sem undirbúi verkefnið.

Meginhlutverk stýrihópsins er að:

1. Samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins.
2. Hafa umsjón með kortlagningu á réttindum og velferð barna innan sveitarfélagsins og stýra samráðsvettvangi með börnum og ungmennum innan sveitarfélagsins.
3. Meta þörf fyrir fræðslu um verkefnið og réttindi barna innan sveitarfélagsins.
4. Gera aðgerðaáætlun sem byggir á gögnum sem safnað er í kortlagningunni, samráðsvettvangi með börnum og ungmennum og svörum sveitarfélagsins við gátlistum barnvænna sveitarfélaga.
5. Fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.
6. Miðla upplýsingum um verkefnið og kynna aðgerðaáætlunina á auðlesnu formi fyrir börnum og ungmennum.
7. Skýrslugjöf og samskipti við UNICEF (ef sveitarfélagið ætlar að sækja um viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga).

Stýrihópurinn ber ábyrgð á innleiðingunni og samskiptum við UNICEF á Íslandi. Helstu verkefni hópsins eru að:

- Greina markmið innleiðingar
- Skipuleggja framkvæmd innleiðingar
- Gera aðgerðaáætlun um innleiðingu
- Fylgja eftir aðgerðaáætlun

FERLI



UNICEF á Íslandi hefur gefið út handbók sveitarfélaga við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. „8 skref í átt að barnvænu sveitarfélagi.“

Leiðarljós:

Mikilvægt er að stýrihópurinn hafi gott samráð við börn og ungmenni, starfsfólk bæjarins og pólitíska fulltrúa eftir því sem verkefni krefjast. Hópurinn skal nálgast verkefni sín frá sem flestum sjónarhornum með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Hópurinn skal gæta jafnræðis í vinnu sinni og tillögugerð.

Skipulag:

Formlegt starf stýrihópsins hefst

Stýrihópurinn skal setja sér vinnuáætlun.

Nánari tímarammi er í handbók um innleiðingu. 8 skref í átt að barnvænu sveitarfélagi, útg. af UNICEF á Íslandi.

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarráðs.

Skipan hópsins:

Stýrihópsfulltrúar skulu vera eftirfarandi:

- 1 frá Fræðslu- og frístundapjónustu
- 1 frá Fjölskyldupjónustu
- 1 frá Umhverfis- og skipulagsþjónustu
- 1 frá Stjórnsýslusviði
- 1 frá Fjármálasviði
- 1 frá Fræðsluráði
- 1 frá Fjölskylduráði
- 1 frá Bæjarráði
- 1 frá Skipulags- og byggingarráði
- 1 frá Umhverfis- og framkvæmdaráði
- 2 frá Ungmennaráði

Alls 12 aðila.

Starfsmaður og verkefnisstjóri hópsins er

Samþykkt í bæjarráði,